

237. fundur - 9. júní 2005

Fundurinn var settur kl. 15:10 Mættir eftirtaldir: Gústaf Jökull Ólafsson oddviti, Egill Sigurgeirsson varaoddviti, Guðmundur Ólafsson, Rebekka Eiríksdóttir og Þórður Jónsson auk sveitarstjóra er reit fundargerð.

Oddviti bauð menn velkomna til fundar og las upp dagskrá. Sveitarstjóri lagði til að bætt yrði við tveimur málum og þau tekin fyrir undir dagskrárliðnum "önnur mál." Var það samþykkt.

Var nú gengið til dagskrár. Þetta gerðist:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð 236. fundar. Engar athugasemdir.
- 2) Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 5. maí 2005. Engar athugasemdir. Samþykkt.
- 3) Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 8. júní 2005. Í þessari fundargerð er lagt til við hreppsnefnd að kosnir verði tveir varamenn í mennta- og menningarmálanefnd. Samþykkt að kjósa Björk Bárðardóttur og Eygló Kristjánsdóttur. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.
- 4) Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 8. júní 2005. Fundargerð samþykkt.
- 5) Fundargerðir skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 9. júní 2005 (tveir fundir). Fundargerðir samþykktar.
- 6) Fundargerð byggingarnefndar íþróttahúss 8. júní 2005. Fundargerð samþykkt.

Mál til afgreiðslu

- 1) Val á fulltrúum á 50. fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið verður á Patreksfirði 2. og 3. september 2005. Samþykkt að senda oddvita og sveitarstjóra. Varaoddviti verði varamaður. Oddviti (varaoddviti) fari með atkvæðisréttinn.
- 2) Ákvörðun um skólaakstur næsta vetur. Oddviti lagði til að núverandi verktökum yrði boðið upp á óbreyttan samning til eins árs. Svára óskað fyrir 20. júní. Sé óskað hækkunar t.d. vegna breytinga á olúgjaldi verður að rökstyðja það skriflega fyrir þann tíma. Tillagan samþykkt samhljóða.

Guðmundur Ólafsson vék nú af fundi og Bjarki Stefán Jónsson kom inn á fundinn.

Guðmundur Ólafsson (sign)

3) Fyrirspurn frá Hagstofu Íslands varðandi íbúaskrá. Annars vegar er um að ræða hjón með lögheimili í Flatey en Stykkishólmsbær gerir tilkall til þeirra. Hins vegar er um að ræða einstakling með lögheimili á lögbýli í Reykhólahreppi sem Akranessbær gerir tilkall til.

Reykhólahreppur mótmælir kröfu Stykkishólmsbæjar varðandi Flateyjarhjónin, þar sem þau eiga fasteign í Flatey og dvelja þar langdvölum eftir því sem best er vitað. Kröfu Akranessbæjar er ekki mótmælt.

- 4) Styrkbeiðni frá Birni Samúelssyni, Reykhólum vegna siglinga með ferðafólk í Skáleyjar. Samþykkt styrkveiting kr. 200.000,- enda lítur hreppsnefnd svo á að þetta tengist NORCE-verkefninu.
- 5) Styrktarsjóður EBÍ 2005, tilkynning um umsóknarfrest um styrkveitingar úr sjóðnum. Ákveðið að sækja um styrk til merkingar eyðibýla.
- 6) Árbók Barðastrandarsýslu, erindi frá ritstjóra Árbókarinnar. Beðið er um að hreppsnefnd Reykhólahrepps fái einhvern til að semja stutt yfirlit yfir það helsta sem gert hefur verið í sveitarfélaginu ár hvert. Sveitarstjórn tekur vel í erindið og felur sveitarstjóra að finna mann í verkið.

- 7) Fundargerð heilbrigðisnefndar 13. maí 2005 og ný gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlitið lögð fyrir til samþykktar. Sveitarstjóra falið að kanna hvort gjaldskrár annarra heilbrigðiseftirlita á Íslandi séu sambærilegar og mótmæla gjaldskránni ef hún er hærri en annars staðar.
- 8) Kjör oddvita og varaoddvita til eins árs. Þórður stakk upp á óbreyttri skipan, þ.e. að Gústaf Jökull verði oddviti og Egill varaoddviti. Samþykkt með þremur atkvæðum. Tveir sátu hjá.
- 9) Tillaga frá sveitarstjóra um að fundir hreppsnefndar falli niður í júlí 2005. Samþykkt.
- 10) Flýtiframkvæmd vegna vegar um Arnkötludal og Gautsdal, erindi frá Ísafjarðarbæ. Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að flýta vegagerð um Arnkötludal umfram t.d. brýnar úrbætur á Vestfjarðavegi nr. 60 í Gufudalssveit.

Mál til kynningar

- 1) Svarbréf Orkubús Vestfjarða varðandi lækkun gjaldskrár hitaveitunnar á Reykhólum. Orkubúið telur að ekki sé unnt að verða við ósk Reykhólahrepps um lækkun gjaldskrár hitaveitunnar. Hreppsnefnd lýsir yfir vonbrigðum sínum með synjun Orkubús Vestfjarða.
- 2) Yfirlit yfir byggingarkostnað íþróttahúss á Reykhólum, dags. 3. júní. Kostnaður var þá kominn upp í kr. 60.215.067,- Reikna má með að heildarkostnaður verði 65-66 milljónir.
- 3) Tilnefning fulltrúa í samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga, erindi frá Dalabyggð.
- 4) Styrkur til kaupa á útilistaverki fyrir framan Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð; erindi frá Listskreytingasjóði ríkisins. Um er að ræða eina milljón króna. Sveitarstjóra falið að færa sjóðnum þakkir.
- 5) Reykhóladagurinn 2. júlí, uppskriftakeppni þar sem selkjöt er hráefni o.fl.
- 6) Viðmiðunartaxtar ríkisins vegna refa- og minkaveiða uppgjörstímabilið 1. september 2004 til 31. ágúst 2005, erindi frá Umhverfisstofnun.
- 7) Fundargerð fundar um sauðfjárhald í eyjum haldinn í Búðardal 19. apríl 2005.
- 8) Vestfjarðavíkingur 2005. Dagskráin hefst á Reykhólum 23. júní (hleðslugrein) og verður einnig keppt í Bjarkalundi sama dag (steinar upp fyrir haus).
- 9) Vinabæjarsamskipti Kulusuk og Reykhóla í maí 2005, minnisblað sveitarstjóra.
- 10) Verksamningur á milli Reykhólahrepps og Sandblásturs ehf varðandi verkið "Reykhólar – Stofnæð vatnsveitu."

Önnur mál

- 1) Tilkynning frá Menningarsjóði félagsheimila um að ákveðið hafi verið að veita Reykhólahreppi kr. 20.000,- styrk vegna tónlistarhátíðarinnar á Reykhólum 21. apríl sl. með Aðalheiði Ólafsdóttur og Helga Þór Arasyni.
- 2) "Útfærsla hugsanlegs samstarfs Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og sveitarfélaga í Vestur-Barðastrandarsýslu og Strandasýslu um starf atvinnu- og ferðamálafulltrúa." Erindi frá Atvinnuþróunarfélaginu lagt fram til kynningar.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:20

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Þórður Jónsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)